

Borgarráð

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um könnun á umfangi útivistunar og áhrifum hennar á kjör launafólks

Á fundi borgarráðs þann 19. júní 2019 var samþykkt með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands til meðferðar borgarráðs:

Lagt er til að borgarstjórn láti framkvæma könnun á umfangi útivistunar, verktakasamninga við launafólk og starfsmannaleiga í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er metnaðarfull og krefst afar umfangsmikillar rannsóknarvinnu. Ekki er hefð fyrir því að fara í slíka rannsóknarvinnu á vegum borgarinnar. Tillögunni er því vísað til Borgarráð í þeim tilgangi að kanna hvernig mögulegt er að ná fram réttum upplýsingum innan úr kerfinu svo hægt sé að ná niðurstöðu sem fangar anda tillögunnar.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um könnun á umfangi útivistunar og áhrifum hennar á kjör launafólks